

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 33/2011.

---

Reykjavík, 28.09.2011

2011080405

**Efni: Sölustöðvun og innköllun af markaði á Kötlu púðursykri með best fyrir dagsetningum 11.2012 og fyrr vegna framleiðslugalla.**

Eðal ehf. Katla hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði Kötlu púðursykur vegna framleiðslugalla (möguleiki á lyktarmyndun vegna gerjunar við geymslu).

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

**Vöruheiti:** Púðursykur.

**Umbúðir:** Plastpokar.

**Best fyrir:** 11.2012 og fyrr.

**Framleiðandi:** Eðal ehf. Katla, Kletthálsi 3, 110 Reykjavík.

**Dreifing:** Matvöruverslanir um land allt.

Þeir neytendur sem eiga Kötlu púðursykur með best fyrir dagsetningu 11.2012 eða fyrr eru beðnir um að skila honum til framleiðanda. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Eðal ehf. Kötlu í síma 567 4422.

